

Lokaverkefni til B.ed prófs

Leikskólastarf í skjóli skjálfta

Anna Hrund Helgadóttir



Kennaraháskóli Íslands
Kennarabraut, leikskólakennarafræði
Apríl 2008

Lokaverkefni til B.ed. -prófs

Leikskólastarf í skjóli skjálfta

Anna Hrund Helgadóttir
150375-3639

Kennaraháskóli Íslands
Kennarabraut, leikskólakennarafræði
Apríl 2008

Leiðsagnarkennari Margrét Ólafsdóttir

Útdráttur

Í þessari ritgerð er skoðað hvaða áhrif Suðurlandsskjálftarnir sumarið 2000 höfðu á leikskólastarf í Rangárvallasýslu. Skjálftarnir höfðu ákveðin samfélagsleg áhrif, skemmdir urðu byggingum og innanstokksmunum, fólk missti heimili sín, hræðsla greip um sig meðal íbúanna og þörf á áfallahjálp var mikil. Í fyrri hluta ritgerðarinnar fjalla ég um þessi samfélagslegu áhrif, ræði um fjölda- og áfallahjálp og skilgreini nokkur hugtök sem tengjast áfalli og áfallavinnu. Í síðari hlutanum fjalla ég um niðurstöður viðtala sem ég átti við starfsfólk tveggja leikskóla í Rangárvallasýslu um leikskólastarfið á þessum tíma. Atburðirnir höfðu vissulega áhrif á börn og fullorðna en þó minni en ætla mætti. Leikskólarnir virðast því hafa mætt þörfum barnanna til að vinna sig í gegnum það áfall sem Suðurlandsskjálftarnir höfðu þó það hafi ekki endilega alltaf verið með skipulögðum hætti. Það er athyglisvert að allir viðmælendur mínir hefðu viljað sá meiri aðkomu fagaðila inná leikskólana til stuðnings fyrir starfið.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	4
Efnisyfirlit.....	5
1. Inngangur	6
2. Áhrif og afleiðingar Suðurlandsskjálftanna sumarið 2000	7
2.1 Tjón á mannvirkjum og innanstokksmunum.....	8
2.2 Upplifun íbúanna.....	8
3. Fjölda- og áfallahjálp	9
3.1 Skilgreining hugtaka.....	10
3.2 Fjöldahjálparstöðin á Helli.....	13
4. Börn og áföll	14
4.1 Helstu áfallaviðbrögð hjá börnum.....	14
4.2 Leiðir til að vinna með börnum í áfalli	15
4.3 Áfallaáætlanir í leikskólum.....	16
5. Aðferðafræði rannsóknarinnar	17
6. Framkvæmd	17
6.1 Viðmælendur mínir.....	18
6.2 Viðtölin.....	18
7.Niðurstöður.....	19
7.1 Elín Jónasdóttir sálfræðingur.....	19
7.2 Leikskólinn Heklukot á Helli.....	19
7.3 Leikskólinn Örk á Hvolsvelli.....	24
8. Umræða	26
9. Lokaorð	28
10. Heimildaskrá	30
11. Fylgiskjöl	33

1. Inngangur

Tilgangur þessarar ritgerðar er að skoða hvernig leikskólastarfi var háttað í leikskólum Rangárvallasýslu í kjölfar Suðurlandsskjálftanna árið 2000. Eftir að hafa setið námskeiðin *Áföll í nemendahópnum* og *Barn, fjölskylda, barnavernd* við Kennaraháskóla Íslands og fræðst um hvernig börn upplifa áföll, hvernig þau bregðast við og takast á við reynslu sína tel ég ástæðu til að ætla að atburðirnir hafi haft áhrif á leikskólastarfið þar sem bæði börn og fullorðnir upplifðu atburðina sem ógn við öryggi sitt og þörf á áfallahjálp var mikil.

Ég er fædd og uppalin á Hvolsvelli og ekki óvön því að jörðin skjálfi stundum undir fótunum á manni. Sumarið 2000 var ég stödd á æskulóðunum og upplifði þær jarðhræringar sem þar áttu sér stað. Ég horfði á hillusamstæður hrynja í gólfið og allt postulín, styttur og munir sem þar voru féllu í gólfið og brotnuðu með tilheyrandi látum. Eitt augnablik varð ég stjörf, mér fannst sem húsmunirnir kæmu á móti mér og allt væri að hrynja í kringum mig. Á þessu augnabliki varð ég verulega hrædd. Mér brá sérstaklega við að verða vitni að þeirri eyðileggingu sem orðið hafði á innanstokksmunum.

Þegar ég lít til baka og velti fyrir mér hvernig ég, sem þá var 25 ára, upplifði hamfarirnar þetta sumar fer ég óneitanlega að velta fyrir mér hvernig börnin á hamfarasvæðinu upplifðu þær. Skólinn er vettvangur og vinnustaður barna þar sem fram fer fagleg fræðsla og upplýsingagjöf til þeirra um lífið sjálft og ýmsa þætti sem snúa að einstaklingum og samfélaginu. Í skólasamfélaginu þar sem mikill fjöldi barna og fullorðinna starfar saman skapast einnig gott tækifæri til að vinna með samannlega þætti eins og sorg, áföll og áfallahjálp.

Ýmsar úttektir hafa verið gerðar til að meta atburðarásina í kringum Suðurlandsskjálftana með það að markmiði að skoða hvað gekk vel, hvað hefði mátt betur fara og hvað þarf að hafa í huga ef svipaðar aðstæður koma upp aftur. Engin slík úttekt hefur verið gerð um viðbrögð barna við skjálftunum. Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla (1999) er leikskólum ætlað að hlúa að bæði andlegum og líkamlegum þroska barna og því er áhugavert að skoða hvernig þörfum barnanna var mætt á leikskólum svæðisins þetta hamfarasumar. Í þessari ritgerð verður það gert með því að safna upplýsingum um leikskólastarfið á þessum tíma.

Í fyrri hluta ritgerðarinnar fjalla ég um þau samfélagslegu áhrif sem jarðskjálftarnir höfðu, ræði um fjölda- og áfallahjálp og skilgreini nokkur hugtök sem tengjast áfalli og áfallavinnu. Í síðari hlutanum fjalla ég um niðurstöður viðtala sem ég átti við starfsfólk tveggja leikskóla í Rangárvallasýslu um leikskólastarfið á þessum tíma og ber þær saman við heimildir fræðimanna um áfallavinnu með ungum börnum.

2. Áhrif og afleiðingar Suðurlandsskjálftanna sumarið 2000

Jarðskjálftarnir sumarið 2000 riðu yfir nánast fyrirvaralaust. Við nána greiningu mæligagna kemur þó fram að nokkur breyting varð á smáskjálftavirkni á Suðurlandi síðustu vikurnar á undan (Páll Einarsson 2001). Þegar talað er um Suðurlandsskjálftana sumarið 2000 er átt við tvo stærstu skjálftana. Fjöldi skjálfta fylgdu í kjölfarið en ekki að sömu stærðargráðu. Fyrri skjálftinn reið yfir á Þjóðhátíðardaginn 17. júní kl. 15:40 en hinn síðari aðfaranótt 21. júní um kl. 00:51 (Páll Einarsson 2001, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir 2002). Það duldist engum sem upplifðu þessa tvo skjálfta að hér væri um „þá stóru“ að ræða.

Áhrif skjálftanna voru af ýmsu tagi. Um var að ræða tjón á mannvirkjum, breytingar á jarðvegi, s.s. sprungumyndun, skriðuföll og grjóthrun. Breytingar á vatni varð víða og einnig urðu ummerki um sandgos á einum stað (Páll Einarsson 2001). En áhrif skjálftanna gætti ekki hvað síst meðal íbúanna sjálfra. Upplifun slíkra náttúruhamfara setur óneitanlega mark sitt á manneskjuna og það gerir sér enginn í raun grein fyrir því hvers konar áfall það er að reyna slíka atburði nema þá að upplifa þá sjálfur.

Í þessum kafla verða skoðuð þau áhrif og afleiðingar sem jarðskjálftarnir sumarið 2000 höfðu á íbúa hamfarasvæðisins. Hér verður bæði fjallað um það tjón sem varð á heimilum og innanstokksmunum íbúanna og einnig um það hvernig fólkið sjálft upplifði atburðarásina. Sú vitneskja er mikilvæg þegar kemur að því að skoða hvaða áhrif atburðirnir höfðu á börn en Elín Jónasdóttir (2000) bendir einmitt á að mörgum börnum hafi þótt erfitt að sjá hvaða áhrif skjálftarnir höfðu á fullorðna fólkið.

2.1 Tjón á mannvirkjum og innanstokksmunum

Bæði heimili og fyrirtæki á Suðurlandi urðu fyrir umtalsverðu tjóni á innanstokksmunum og búnaði þegar jarðskjálftarnir riðu yfir og talsverðar skemmdir urðu á mannvirkjum. Veggir sprungu, jarðvegsundirstöður og burðarvirki skemmdust og nokkur heimili voru dæmd óíbúðarhæf (Jón Börkur Ákason, Stefán Ólafsson og Ragnar Sigbjörnsson 2005). „Í húsum lá innbú víða sem hráviði um gólf, sprungur voru í veggjum og gólf víða sigin, innréttingar höfðu losnað frá veggjum, bókahillur fallið og lausamunir og glerbrot þöktu gólf“ (Þóra Þórarinsdóttir 2001).

Þeir einstaklingar sem ekki gátu dvalið í húsum sínum vegna skemmda höfðust margir hverjir við í tjaldi, tjaldvögnum eða hjólhúsum í nokkurn tíma eftir skjálftana og sumir alveg fram í októberlok. Sveitarfélögin og Rauði krossinn úthlutuðu heimilislausum bráðabirgðahúsnæði en sumir byggðu sér nýtt húsnæði á grunni þess gamla (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir 2002, Þóra Þórarinsdóttir 2001).

Haustið 2004 voru enn að koma í ljós skemmdir á byggingum sem raktar eru til afleiðinga Suðurlandsskjálftanna, nokkurs konar stigvaxandi skemmdir, og þá hafa eftirskjálftar einnig aukið skemmdir á byggingum (Jón Börkur Ákason o.fl. 2005).

2.2 Upplifun íbúanna

Viðbrögð og aðstæður fólksins á svæðinu voru með mismunandi hætti en áhrif skjálftanna á fólkið sjálft voru mjög svipuð þar sem flestir upplifðu hræðslu og óhug þegar skjálftarnir riðu yfir. „En eitt áttu allir sameiginlegt [...] en það var sú óþægilega tilfinning að hafa ekki nokkra einustu stjórn á aðstæðum“ (Elín Jónasdóttir 2000).

Fjölmargir íbúar svæðisins voru staddir á 17. júní skemmtunum í samkomu- eða íþróttahúsum þegar fyrri stóri skjálftinn reið yfir. Mikil hræðsla og ótti greip um sig meðal fólks og leitaði það huggunar hjá hvert öðru strax eftir skjálftann með því að faðmast, gráta og ræða um atburðinn (Jón Börkur Ákason o.fl. 2005). „Það voru náttúrulega allir inni íþróttahúsi þegar skjálftinn kemur. Svo þegar seinni skjálftinn verður [eftirskjálfti sem kom tveimur mínútum eftir stóra skjálftann, innskot höfundar] eru allir komnir út og ég man þegar ég hljóp á móti bylgjunum. Sko, þá fór ég að gráta, þá var þetta bara búið. [...] Fólk sat bara hérna við hólinn eins og í losti. Og þegar ég

labbaði heim með svilkonu minni þá sat fólk bara fyrir utan húsin sín og sagði að allt væri á hvolfi inni“ (Hrafnhildur Andrésdóttir, munnleg heimild).

Margir treystu sér ekki til að sofa í húsum sínum nóttina á eftir af ótta við fleiri skjálfta og dæmi eru um að fólk hafi jafnvel flúið byggðarlagið. Á Hellu, þar sem afleiðingar þjóðhátíðarskjálftans urðu hvað verstar, voru margir sem ekki lögðu í að fara inn í húsin sín og fengu björgunarsveitir til að fylgja sér inn og skoða ummerki skjálftans (Þóra Þórarinsdóttir 2001).

Þegar seinni stóri skjálftinn reið yfir voru flestir íbúar svæðisins komnir í háttinn eða á leið þangað. Fólk dreif sig út úr húsum sínum og margir mættu strax í fjöldahjálparstöðina á Hellu þar sem það sat frekar þögult og slegið. „Sumir hættu sér ekki inn í skólann. Stóðu bara fyrir utan eða sátu í bílunum á planinu fyrir framan grunnskólann – ef annar skjálfti skyldi koma“ (Elín Jónasdóttir 2000).

3. Fjölda- og áfallahjálp

Fjölda- og áfallahjálp er aðstoð sem er veitt þegar eiga sér stað stórslys eða náttúruhamfarir sem raska öryggi fjölda fólks. Þó svo þessi hugtök fari yfirleitt saman undir þessum kringumstæðum er gerður greinarmunur á þeim. Þannig felst fjöldahjálp fyrst og fremst í því að sameina fjölskyldur og sinna heimilislausum, og er stjórnsýslulega á ábyrgð almannavarnanefnda sem fela oftast Rauða krossinum framkvæmd hennar. Áfallahjálp snýr hins vegar að andlegri aðstoð við þolendur áfalla (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir 2002).

Hugtakið áfallahjálp er tiltölulega nýtilkomið á Íslandi. Í kjölfar snjóflóðanna á Vestfjörðum árið 1995 má segja að þörf fyrir sálræna aðstoð, áfallahjálp, hafi aukið til muna umræðu um mikilvægi slíkrar þjónustu fyrir þolendur áfalla (Guðrún Alda Harðardóttir 2001). Í mars 1995 skipaði heilbrigðisráðherra nefnd til að gera tillögur um hvernig mætti efla og auka áfallahjálp (Kirk 1997).

Í þessum kafla verður fjallað betur um fjölda- og áfallahjálp, bæði í forni skilgreininga á hugtökum en einnig í kafla um fjöldahjálparstöðina á Hellu sem starfrækt var í kjölfar skjálftanna.

3.1 Skilgreingin hugtaka

Áður en lengra er haldið er mikilvægt að staldra aðeins við og skoða hvaða merking liggur að baki þeim hugtökum sem koma fram í þessari ritgerð. Um er að ræða þau hugtök sem tengjast umræðunni um áhrif atburða á andlegu hlið manneskjunnar. Hér verður helst fjallað um hugtökin **áfall, áfallahjálp, sálrænn stuðningur, áfallaviðbrögð, áfallastreituviðbrögð og sorg.**

Guðrún Alda Harðardóttir (1999) hefur tekið saman skilgreiningu nokkurra fræðimanna á hugtakinu **áfall**.

Áfall er: Raunverulegur ytri atburður sem einstaklingur upplifir sem missi eða ógnun um missi einhvers sem er honum mikilvægt og vekur eðlileg og heilbrigð viðbrögð hans. Áfallið framkallar tilfinningalegt högg sem myndar tilfinningalegt yfirflæði og veldur því að fyrri reynsla og viðbragðshættir einstaklingsins nægja honum ekki til að skilja og ráða við aðstæður.

(Guðrún Alda Harðardóttir 1999: 5)

Dæmi um þá atburði sem einstaklingur getur orðið fyrir og valdið áfalli eru:

- Missir ættingja eða vina.
- Bílslys.
- Kynferðisleg árás.
- Rán.
- Alvarleg meiðsl.
- Alvarlegur sjúkdómur.
- Gjaldþrot.
- Missir á fyrri getu, til dæmis líkamlegri.
- Að verða valdur að alvarlegu slysi eða tjóni.
- Að verða vitni að ógnvekjandi eða vofleiflegum atburði.

(RKÍ 2004, sótt á vef).

Þá eru náttúruhamfarir nefndar sem atburðir er geta valdið sterkum áfallaviðbrögðum hjá fólki þar sem öryggistilfinningunni er ógnað óvænt og án fyrirboða (Rauði kross Íslands, án árs).

Rauði kross Íslands skilgreinir *áfallahjálp* sem ferli sem samanstendur af 6 þáttum. Um er að ræða nokkuð sérhæft ferli þar sem bæði lærðir og ólærðir vinna með einstaklingum í áfallaaðstæðum, þar sem viðkomandi hefur orðið fyrir hættu sem ógnar lífi og limum hans, eða viðkomandi hefur orðið vitni að ofbeldi, líkamsárásam eða dauða (Rauði kross Íslands, 2005). Þessir 6 þættir eru eftirfarandi:

1. *Sálræn skyndihjálp: Andleg og líkamleg aðhlyning og félagslegur stuðningur við þolendur áfalla.*
2. *Viðrun: Stuttir skipulagðir fundir fyrir hjálparaðila.*
3. *Úrvinnsla: Tilfinningaleg úrvinnsla fyrir einstaklinga, fjölskyldur og hópa.*
4. *Fræðsla og upplýsingar um algeng sálræn og líkamleg viðbrögð sem komið geta fram við þessar aðstæður og úrræði við þeim.*
5. *Virkjun stuðningskerfis og bjargráða í félagslegu umhverfi þolanda.*
6. *Mat á áhættuþáttum og þörf fyrir eftirfylgd.*

(Rauði kross Íslands, 2003).

Gert er ráð fyrir að fagaðilar stýri ferlinu og vinni með fólki í gegnum þessa þætti. Hins vegar getur almenningur lagt sitt að mörkum með *sálrænum stuðningi* sem felst fyrst og fremst í því að vera til staðar fyrir þann sem verður fyrir áfalli og þarfnast þess að geta leitað til einhvers með tilfinningar sínar, spurningar og vangaveltur um lífið og tilveruna. Á erfiðum stundum er mikilvægt að þolandi áfalls finni að hann sé í öruggu umhverfi, að á hann sé hlustað og að virðing sé borin fyrir viðbrögðum hans og tilfinningum (RKÍ 2004, sótt á vef).

Áfallaviðbrögð eru bæði líkamleg og tilfinningaleg viðbrögð við alvarlegum atburðum. Viðbrögðin eru nokkuð lík þeim sem einstaklingur upplifir við almenna erfiðleika í hinu daglega lífi nema að þau eru yfirleitt sterkari (RKÍ 2004, sótt á vef). Áfallaviðbrögð eru einstaklingsbundin og getur sami einstaklingur fundið fyrir bæði líkamlegum og tilfinningalegum einkennum og einkennum sem koma fram í breyttri hegðun. Algengustu líkamlegu viðbrögðin eru skjálfti, hraður hjartsláttur, höfuðverkur, magaverkur, ógleði, uppköst, svimi sviti og öndunarerfiðleikar. Algengustu tilfinningalegu viðbrögðin eru grátur, hlátur, reiði, óraunveruleikatilfinning, kvíði, hræðsla, doði, áhyggjur af því að missa stjórn á aðstæðum, tómléikatilfinning, finnast

maður vera yfirgefinn og einangraður, ótti um líf sinna nánustu og framtíðina, hræðsla við endurtekningu atburðar sem ollu áfallinu. Helstu breytinga sem verður vart í hegðun eru eirðarleysi, ofvirkni, pirringur, taugaveiklun, deyfð og skortur á frumkvæði (Rauði kross Íslands 2004).

Áfallastreituviðbrögð nefnist það þegar einstaklingur virðist ekki geta unnið sig úr áfallinu og einkenni áfallaviðbragða hreiðra um sig í lengri tíma og valda einstaklingnum mikilli vanlíðan. Dæmi um áfallastreituviðbrögð eru m.a. þannig: „[...] að endurupplifa atburðinn aftur og aftur, forðast allt sem minnt getur á atburðinn, svefntruflanir, martraðir, einangrunartilhneiging, sektarkennd, sjálfsásakanir, reiði, pirringur, kvíði jafnvel ofsakvíði.“ (Útskýringar á hugtökum, sótt á vef RKÍ).

Enginn mannskaði varð í hamförunum en nokkur dæmi eru um slys á fólki, þó engin alvarleg. Ástæða þess að ég fjalla um *sorg* í þessari ritgerð er sú að einstaklingur getur upplifað sorg við annars konar missi en við andlát einhvers nákomins. „Við syrgjum líka eftir skilnað, slys og eftir annað mótlæti í lífinu“ (Bragi Skúlason 1992:12). Eins og kom fram í kaflanum um áhrif og afleiðingar Suðurlandsskjálftanna (kafla 2.1) urðu nokkur heimili fyrir skemmdum og varð fólk því að yfirgefa heimili sín, m.ö.o. missti heimili sitt. Það má því gera ráð fyrir að sú reynsla hafi valdið mörgum einstaklingnum mikilli sorg, þegar samastaður og öryggi heimilisins er í einu vefangi horfið og breytingar verða á högum fjölskyldunnar án nokkurs fyrirvara. Viðbrögð við missi eru nokkuð lík þeim sem viðkomandi upplifir við áfall og hefur verið lýst hér fyrir í kaflanum. Bragi Skúlason (1992) fjallar um tilfinningar sorgarinnar og byggir þar á eigin reynslu sem og annarra syrgjenda. Hann nefnir að fyrstu viðbrögð við sorg sé áfall, þar sem viðkomandi líður eins og hann sé frosinn. Önnur líðan sem syrgjendur finna fyrir er doðatilfinning, en þar t.d. heyrir viðkomandi ekki það sem sagt er, skilur ekki né sér samhengið. Þetta tímabil getur varað í 3-4 mánuði og á meðan tala margir um hvað syrgjandinn standi sig vel og sé duglegur - en það er allt á misskilningi byggt. Margir syrgjendur finna fyrir reiði og leita gjarnan að blóraböggli, reyna að finna einhvern sem hægt er að kenna um hvernig komið er. Ásökun og sektarkennd tengjast gjarnan reiðinni, syrgjandinn heldur jafnvel að hann hafi getað komið í veg fyrir atburðinn ef hann hefði breytt á annan hátt (Bragi Skúlason 1992).

3.2 Fjöldahjálparstöðin á Hellu

Í kjölfar skjálftanna voru opnaðar nokkrar fjöldahjálparstöðvar á Suðurlandi. Hér verður einungis fjallað um fjöldahjálparstöðina á Hellu þar sem hún tengist beint umfjöllun þessarar ritgerðar.

Verkefni fjöldahjálparstöðva eru í 6 liðum:

- 1). *Móttaka, skráning, hýsing og klæði fyrir þá sem missa heimili sín á hættu- tímum eða þurfa að yfirgefa þau um stundarsakir. [...]*
 - 2). *Vinna úr skráningum og senda niðurstöður til aðgerðastjórnar (almanna- varnanefndar) og Rauða kross Íslands*
 - 3). *Sameining fjölskyldna*
 - 4). *Almenn aðhlyning fyrir heimilislausu*
 - 5). *Fyrsta hjálp og sárameðferð við lítið slasaða*
 - 6). *Sálgæsla, huggun og andleg uppörvun*
- (Handbók RKÍ, kafli 2, 2003).

Fjöldahjálparstöðin á Hellu var opnuð rétt undir miðnætti 17. júní. Ástæður opunarinnar voru fyrst og fremst þær að nokkrar fjölskyldur urðu heimilislausar, mikil hræðsla var meðal fólks og sýnt þótti að þörf fyrir fjöldahjálp væri mikil. Fyrst var ákveðið að opna stöðina utan aðal hamfarasvæðisins, vegna hættu á frekari skjálftum, og var því farið að undirbúa móttöku í grunnskólanum á Hvolsvelli. Íbúar á Hellu vildu hins vegar ekki yfirgefa bæjarfélagið og því var fjöldahjálparstöðin flutt í grunnskólann á Hellu (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir 2002).

Í fjöldahjálparstöðina leituðu jafnt einstaklingar sem fjölskyldur og var fyrst og fremst leitast við að veita fólki andlegan stuðning og húsaskjól. „Áhersla var lögð á að veita hlýjar móttökur, bjóða veitingar, notalegt spjall, veita stuðning og skapa öryggi. Sérstök aðstaða var útbúin fyrir börn svo þau gætu leikið sér og teiknað“ (Þóra Þórarinsdóttir 2001:242). Það kemur einnig fram hjá Ásthildi Elvu Bernharðsdóttur og Sólveigu Þorvaldsdóttur (2002) að börn hafi notið sérstakrar aðhlyningar og athygli.

Fyrir utan sjálfboðaliða Rauða kross deildar Rangárvallasýslu störfuðu í fjöldahjálparstöðinni, m.a. prestar sýslunnar og áfallateymi RKÍ. Þá komu hjúkrunarfræðingar og læknar af svæðinu einnig að starfi stöðvarinnar.

4. Börn og áföll

Eins og fram hefur komið í kafla 3.1 geta ýmsir atburðir valdið einstaklingum áfalli. Leikskólabörn eru því miður ekki undanskilin og það er mikilvægt fyrir leikskólana að vera vel undirbúnir ef eitthvert barnanna verður fyrir áfalli. Ótal spurningar vakna í hugum barna er þau upplifa atburði sem valda þeim hugarangri og vanlíðan og þroska síns vegna þurfa þau leiðsögn við að beina tilfinningum sínum í réttan farveg (Helga Hannesdóttir 1992).

Guðrún Alda Harðardóttir (2001) bendir á að of lítill skilningur ríki um áhrif áfalla á börn. Foreldrar upplýsi t.d. ekki leikskólakennara um atburði sem hafa átt sér stað í fjölskyldunni og valdið geta barni hugarangri, s.s. skilnaður, dauðsföll, slys o.fl. Þá talar Guðrún Alda (2001) einnig um skilningsleysi yfirvalda en þegar snjóflóðin urðu á Vestfjörðum árið 1995 var t.d. ekki gert ráð fyrir að skólasálfræðingur sinni leikskólastiginu. Í skýrslu sem unnin var fyrir Almannavarnir ríkisins um aðgerðir af hálfu almannavarna í kjölfar Suðurlandsskjálftanna kemur réttilega fram að skólar hafi verið í fríi þar sem um sumartíma var að ræða. Hins vegar kemur hvergi fram í skýrslunni að leikskólar hafi verið opnir og að þar hafi þurft að mæta börnunum eftir sem áður (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir 2002).

Í þessum kafla verður fjallað um helstu áfallaviðbrögð hjá börnum og hvernig best sé að vinna með börnum sem verða fyrir áfalli. Einnig verður fjallað um áfallaáætlanir í leikskólum en gildi þeirra hefur sýnt sig og sannað þar sem þeirra nýtur við.

4.1 Helstu áfallaviðbrögð hjá leikskólabörnum

Viðbrögð barna við áfalli geta verið með nokkrum öðrum hætti en fullorðinna. Leikskólabarnið hefur ekki enn öðlast þroska og hæfni til rökhugsunar sem takmarkar hugmyndir þess um orsök og afleiðingu. Rannsóknir sýna að börn sem verða fyrir áfalli upplifa hræðslu og kvíða, sýna svefnerfiðleika, aðskilnaðarkvíða, einbeitingarerfiðleika, upp koma áleitnar hugsanir tengdar atburðinum og einnig sjást atburðirnir endurteknir í leik barnanna. Reiði, sorg og sektarkennd eru einnig algeng viðbrögð barna við áfalli (Guðrún Alda Harðardóttir 2001, Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal 1995). Aðskilnaðarkvíðinn getur birst þannig að barnið á erfitt með að fara að sofa og að fara í leikskólann, það á erfitt með að vera eitt, verður auðveldlega hrætt og bregður við

minnsta hljóð. Barnið getur átt erfitt með að einbeita sér í leik og starfi þar sem minningar tengdar áfallinu leita stöðugt á hugann (Guðrún Alda Harðardóttir 2001). Líkamleg einkenni áfallaviðbragða hjá börnum eru t.d. höfuðverkur, magaverkur og vöðvaverkir, en einnig getur barnið sýnt afturhvarf í þroska og farið þannig aftur að væta buxur og/eða rúm, sjúga fingur, viljað láta mata sig o.fl. Þá geta matarvenjur barnsins breyst og vöxtur hægt á sér (Guðrún Alda Harðardóttir 2001, Dyregrov 1998). Barnið getur sýnt breytingar í hegðun þannig að hljóða, nærgætna og umhyggjusama barnið getur orðið hávaðasamt og frekt, opna og félagslynda barnið getur orðið feimið og hrætt. Þá geta börn sýnt minna traust til fullorðinna þar sem „þeim tókst ekki að hafa stjórn á atburðarrásinni“ (Almannavarnir ríkisins, [án árs]).

4.2 Leiðir til að vinna með börnum í áfalli

Þegar börn verða fyrir áfalli gildir það sama og með fullorðna, það þarf að hlúa vel að þeim. Sú skilgreining áfallahjálpar sem á hvað best við þegar unnið er með leikskólabörnum felst í því að vera til staðar og tryggja öryggi barnanna, vera tilbúin til að hlusta og veita kerfisbundna tilfinningalega úrvinnslu. Sú úrvinnsla [...] „felst meðal annars í að vinna markvisst og kerfisbundið að því að einstaklingurinn fái tækifæri til að orða hugsanir sínar, tilfinningar og viðbrögð.“ (Guðrún Alda Harðardóttir 1999:6). Það er mikilvægt að börn fái útrás fyrir tilfinningar sínar og fá sum þeirra útrás við leik og starf í skólanum með jafnöldrum sínum (Ólöf Helga Þór, 1992). Þetta kemur einnig fram í grein Guðrúnar Öldu, Áfallahjálpar í leikskóla (1999), en þar bendir Knutsdotter Olafsson á það „að leikurinn sé aðferð barna til að skilja og ráða við aðstæður, jafn ánægjulegar sem sorglegar.“ (Guðrún Alda Harðardóttir 1999:10). Þannig geti börn unnið úr reynslu sinni þar sem þeim finnst jafn eðlilegt að leika aðstæður tengdar sorg og áföllum, s.s. jarðarför, slys, veikindi, flóttu undan náttúruhamförum, og að leika í hefðbundnum hlutverkaleik. Leikurinn er sú athöfn sem er hvað eðlilegust fyrir barninu og í gegnum hann lærir barnið á umhverfi sitt og að takast á við tilfinningar sínar. Rannsóknir sýna að börn sem verða fyrir áfalli leika leiki sem tengjast atburðinum (Guðrún Alda Harðardóttir 1999, Dyregrov 1998).

Börn fá útrás fyrir tilfinningar sínar í skapandi starfi. Gott er að hvetja börn til að teikna, mála, leira eða tjá sig á annan myndrænan hátt í kjölfar áfalls þar sem slík vinna

losar um spennu og börnin fá tækifæri til að lýsa reynslu sinni. Einnig er gott að nota tónlist sem spennulosun, hvetja börnin til að spila á hljóðfæri, syngja og/eða hreyfa sig í takt við tónlist (Almannavarnir ríkisins [án árs], Dyregrov 1998).

Að hvetja börnin til umræðna um atburðina er góð leið til að hjálpa þeim að vinna úr áfallinu. Börnin fá tækifæri til að tjá sig um það sem gerðist, spyrja spurninga og velta upp hugmyndum um ástæður atburðarins. Þá getur einnig verið gott að búa til sögur um atburðinn og leyfa börnunum að hjálpa til við að semja söguna. Gæta þarf þess þó að láta söguna enda á jákvæðum nótum svo að þessi aðferð skili tilætluðum árangri (Almannavarnir ríkisins [án árs], Dyregrov 1998).

4.3 Áfallaáætlanir í leikskólum

Áfallaáætlun er ákveðið hjálpartæki sem hægt er að grípa til þegar áföll verða í skólaumhverfinu, meðal nemenda eða starfsfólks. Um er að ræða ákveðið skipulag sem fjallar um það hvernig viðkomandi skóli hyggst vinna við áfallaáðstæður. Í áætluninni er m.a. að finna hættumat, þar sem gert er grein fyrir þeim aðstæðum sem upp kunna að koma, s.s. slys, dauðsföll á skólatíma og einnig utan hans, andlát í fjölskyldu, alvarlegir sjúkdómar, náttúruhamfarir, eldsvoði, skilnaður foreldra o.fl.; og í framhaldinu þarf að skoða hvernig best sé að takast á við þessar aðstæður (Margrét Ólafsdóttir 1995).

Sorg og áföll er eitthvað sem við verðum öll fyrir á lífsleiðinni en sjaldnast erum við þess undirbúin. Fjöldi spurninga vakna hjá börnunum sem kennarar þurfa að geta aðstoðað þau við að leita svara við, ýmis áfallaeinkenni koma fram hjá börnum sem kennarar þurfa að geta greint og lesið úr og einnig þarf að vera ljóst hvernig skólinn ætlar að bera sig að við að mæta þörfum skjólstæðinga sinna á tímum áfalla og sorga. Því er mikilvægt að áfallaáætlun skólans sé aðgengileg öllu starfsfólki og allir viti hvar hana er að finna.

Jafnframt því að útbúa áfallaáætlun þarf að setja saman áfallaráð innan skólans. Hlutverk þess er að „uppfæra“ áætlunina, setja inn nýjar upplýsingar og skipuleggja fræðslustarf fyrir alla starfsmenn og tryggja því aðgang að fræðsluefni. Þá kemur áfallaráð á samstarfi við aðra aðila innan sveitarfélagsins. Það er mikilvægt að áfallaráð sé starfrækt í skólum því það kemur í veg fyrir að allir séu að vinna í öllu – áfallavinnan verður markvissari, hlutverk hvers og eins í áfallaáðstæðum verða augljósari og þess er

frekar gætt að umræðum um sorg og áföll er haldið á lofti meðal starfsmannahópsins. En ekki eru allir tilbúnir til að starfa í áfallaráði og treystir fólk sér misvel til að takast á við þær erfiðu aðstæður sem skapast við áföll og sorgarstundir. Í áfallaráð þarf að veljast fólk sem getur unnið skipulega og undir álagi; vera heilsteyptir og heiðarlegir einstaklingar sem treyst er til að takast á við erfið verkefni (Margrét Ólafsdóttir 1995).

5. Aðferðafræði rannsóknarinnar

Strax í upphafi var ég ákveðin í því að beita eigindlegum rannsóknaraðferðum og taka viðtöl við leikskólastarfsfólk sem var á hamfarasvæðinu sumarið 2000.

Eigindlegar rannsóknir snúast um að rannsaka atferli sem á sér stað við eðlilegar aðstæður. Rannsakandinn safnar gögnum beint af vettvangi. Með því að taka opin eða hálf opin viðtöl fær rannsakandi nákvæmar frásagnir þar sem fram kemur djúpur skilningur sem nær undir yfirborðið, á samhengi og atferli eða hegðun (McMillan, 2004).

Viðtöl fela í sér að rannsóknargagna er aflað með beinum orðaskiptum rannsakanda og viðmælenda. Viðtöl eru því félagsleg athöfn þar sem samskipti rannsakanda og viðmælenda endurspeglar margvíslegt og flókið samspil hugsana, hegðunar, skynjana og tilfinninga. Sú ákvörðun að nota viðtal sem gagnasöfnunaraðferð byggist fyrst og fremst á því að viðtalið muni vera öflugasta aðferðin til þess að svara þeim rannsóknarspurningum sem settar hafa verið fram. Í flestum eigindlegum rannsóknum er gengið út frá því að þekking sé sameiginlegur skilningur sem þróast hefur í samskiptum fólks. Skynjun á raunveruleikanum er því byggð á túlkun sem er síbreytileg (Helga Jónsdóttir, 2003).

6. Framkvæmd

Tilgangur ritgerðarinnar er að skoða hvernig leikskólastarfi í Rangárvallasýslu var háttað í kjölfar skjálftanna sumarið 2000; hvaða áhrif atburðirnir höfðu á börn og starfsfólk, hvernig hugað var að áfallahjálpi og hvort leikskólinn hafi komið sérstaklega til móts börnin vegna úrvinnslu áfalls.

Upplýsingum var annars vegar safnað með viðtölum við starfsfólk tveggja leikskóla í Rangárvallasýslu og við forsvarsmann áfallateymis Rauða krossins sem var við störf í fjöldahjálparstöðinni á Hellu. Fræðilegra gagna var hins vegar leitað á bókasöfnum, á netinu og í fjölmiðlum.

6.1 Viðmælendur mínir

Haft var samband við Elínu Jónasdóttur sálfræðing, en hún fór fyrir áfallateymi RKÍ sem hafði aðsetur í fjöldahjálparstöðinni á Hellu. Þegar jarðskjálfarnir riðu yfir voru starfræktir leikskólar á Hellu, Hvolsvelli, Laugalandi og Þykkvabæ og var reynt að afla upplýsinga frá þeim öllum en einungis náðist í starfsmenn leikskólanna á Hellu og Hvolsvelli. Á Hellu var rætt við þrjá starfsmenn og þáverandi leikskólastjóra sem starfandi voru sumarið 2000, en á Hvolsvelli var rætt við þann leikskólastjóra sem starfandi var þetta sumar.

Það er miður að ekki náðist að hafa upp á þáverandi starfsfólki leikskólanna á Laugalandi og í Þykkvabæ en áhugavert hefði verið að hafa upplýsingar af leikskólastarfinu í þessum fjórum leikskólum sem staðsettir voru á hamfarasvæðinu. Þannig hefði mátt fá betri mynd af viðbrögðum barnanna, hvernig þau upplifðu atburðina og hvernig leikskólarnir mættu þörfum barnanna fyrir áfallaúrvinnslu.

6.2 Viðtölin

Í viðtölunum var gengið út frá tæplega þrjátíu spurningum sem mynduðu efnisramma viðtalanna (sjá fylgiskjal). Um hálf opin viðtöl var að ræða þar sem viðmælendum var leyft að þróa umræðuna innan efnisrammans. Sökum upplifun sinnar og reynslu gerði höfundur ráð fyrir því að viðmælendur kæmu fram með einhver önnur sjónarmið eða sýn á aðstæðurnar og var þeim leyft að leiða umræðuefnið nokkuð áfram.

Viðtölin við starfsmenn leikskólanna tveggja fóru fram á tímabilinu 10.mars til 15.apríl 2008 og voru ýmist tekin upp á segulband, skráð niður í viðtölunum sjálfum eða unnin með tölvupóstsendingum. Samtalið við Elínu Jónasdóttur fór fram í byrjun febrúar 2008 og var skráð niður meðan á símaviðtali stóð.

Þeir viðmælendur mínir sem nafngreindir eru í ritgerðinni veittu mér góðfúslegt leyfi fyrir því að nöfn þeirra kæmu fram.

7. Niðurstöður

Þessi kafli skiptist í þrjá undirkafla og verða hér teknar saman helstu niðurstöður úr viðtölunum. Fyrst er að nefna samtali við Elínu Jónasdóttur sálfræðing. Þá koma niðurstöður úr viðtölum við leikskólastjóra og leiðbeinendur á leikskólanum Heklukoti á Hellu en það eru þær Kristín Sveinsdóttir (þáverandi leikskólastjóri), Guðbjörg Ísleifsdóttir leikskólakennari (staðgengill leikskólastjóra á þessum tíma), Hrafnhildur Andrésdóttir og Kristín Pála Sigurðardóttir leiðbeinendur. Að lokum koma svo niðurstöður úr viðtali við Gyðu Óladóttur þáverandi leikskólastjóra á leikskólanum Örk á Hvolsvelli.

7.1 *Elín Jónasdóttir sálfræðingur*

Í stuttu símtali við **Elínu Jónasdóttur** þann 6. febrúar, kom fram að leikskólabörnum hafi ekki verið veitt sérstök áfallahjálp, ekki beint, en hins vegar hafi sú aðstoð verið veitt meira í gegnum fullorðna þegar þeir leituðu t.d. í fjöldahjálparstöðina á Hellu. Þá talaði Elín um að haldinn hafði verið fundur með starfsfólki skólanna á svæðinu um viðbrögð barna við áföllum og starfsfólkinu ráðlagt hvernig það gæti veitt börnunum sálrænan stuðning.

Leikskólarnir á svæðinu óskuðu ekki eftir frekari leiðsögn eða íhlutunar fagaðila, hvorki fyrir börnin né starfsfólkið sjálft.

Ef sömu aðstæður kæmu upp núna sagðist Elín vilja að komið væri að mun beinni aðstoð til leikskólakennara. „Að aðstoðin kæmi inná leikskólana og börnunum væri mætt þar“.

7.2 *Leikskólinn Heklukot á Hellu*

Mánudaginn 10. mars hitti ég þær **Hrafnhildi Andrésdóttur** og **Kristínu Pálu Sigurðardóttur** á Heklukoti á Hellu. Við settumst niður inná kaffistofunni og fengum að vera nokkuð ótruflaðar, fyrir utan að tveir starfsmenn komu inn til að fá sér kaffi undir lok viðtalsins. Það hafði hins vegar ekki áhrif á viðtalið og gátum við rætt áfram á eðlilegan hátt. Ástæða þess að ég ræddi við þær Hrafnhildi og Kristínu Pálu (hér eftir nefnd Stína Pála) báðar í einu er sú að nokkur tími er liðinn frá atburðunum og því taldi ég að það gæti hjálpað þeim að rifja saman upp aðstæður og atburðarás þetta sumar. Þá

taldi ég einnig að betri umræður myndu skapast og viðmælendur mínir yrðu afslappaðri ef við værum þrjár saman. Ég fékk góðfúslegt leyfi þeirra beggja til að taka upp viðtalið.

Stína Pála var búsett á Hvolsvelli sumarið 2000 og var einmitt stödd þar þegar Þjóðhátíðarskjálftinn reið yfir. Hún sat í stofunni og hélt að titringurinn væri vegna flutningabíls að keyra framhjá. „Sko þessu gleymi ég ekki – en það kom enginn flutningabíll og húsið gekk í bylgjum, þetta er timburhús sko, og ég beið alltaf eftir því að það legðist saman. Það brotnaði bara eitt glas hjá mér.“ Hrafnhildur var nýflutt á Hellu og var búslóðin hennar enn í kössum. Ekkert skemmdist því hjá henni en Hrafnhildur bjó hjá tengdforeldrum sínum og þar var allt í rúst, „einsog það hefði komið sprengja inni húsið.“ Á Þjóðhátíðardaginn var Hrafnhildur stödd í íþróttahúsinu á Hellu á 17. júní skemmtun eins og svo margir íbúar svæðisins. „Ég hljóp út úr íþróttahúsinu og gleymdi meira að segja dóttur minni. Snéri við að sækja hana en það kom kona með hana og þá kom seinni skjálftinn. Situr alltaf í minningunni þegar jörðin fór upp og niður.“

Á mánudeginum eftir Þjóðhátíðarskjálftann mættu þær báðar í vinnu á leikskólann. Þar höfðu engar skemmdir orðið fyrir utan að bókaskápar duttu niður og í eldhúsinu féll eitthvað niður úr skápum og hillum. Því var ekkert að vanbúnaði að hefja starfið strax þennan morgun. Hrafnhildur og Stína Pála sögðu engan undirbúning hafa verið fyrir opnun leikskólans heldur hafi bara allir mætt en ræddu framhaldið aðeins þarna um morguninn.

Hrafnhildur og Stína Pála töluðu báðar um að fólk hafi verið ótrúlega rólegt þegar það kom með börnin sín í leikskólann og það virtist ekki vera sérstakur beygur í þeim. Ástæðuna telja þær vera þá að fólk hafi verið búið að biða eftir stórum jarðskjálfta og einnig að fólk vissi að það gætu komið eftirskjálftar. Börnunum þótti heldur ekkert erfitt að koma á leikskólann og þær muna ekki eftir því að börnin hefðu frekar viljað vera útivið en inni. Sumarið var svo gott á þessum tíma og þau voru öll mjög mikið útivið. Þó nefna Hrafnhildur og Stína Pála að hugsanlega hefði þetta verið ósjálfrátt, þ.e.a.s. kannski hefðu þau verið meira inni ef skjálftarnir hefðu ekki orðið. Börnin ræddu talsvert um atburðina og sögðu frá ýmsu sem hafði gerst heima hjá þeim, t.d. hvað hefði dottið í gólfið og brotnað o.s.frv. Hrafnhildi og Stínu Pálu finnst einsog börnin hafi upplifað þetta sem eitthvað spennandi, einsog eitthvað ævintýrlegt hefði gerst, og þau ræddu um atburðina í margar vikur á eftir. Hrafnhildur nefndi að hugsanlega hefði upplifun

barnanna orðið á þennan hátt vegna þess að enginn lést í hamförunum. Stína Pála benti á að sum börnin hafi hugsanlega ekki áttað sig á hvað hafði gerst.

Hvorugar viðmælenda minna muna eftir því að hegðun barnanna hafi breyst eitthvað á þessum tíma. Þær muna ekki til þess að börnin hafi sýnt einhver þau áfallaviðbrögð sem getin eru í kafla 4.1 hér að framan. Eitt barn á leikskólanum varð fyrir því að missa heimili sitt og þær muna ekki heldur til þess að sérstaklega hafi þurft að hlúa að því barni. Hrafnhildur og Stína Pála minnst þess heldur ekki að starfsfólk leikskólans hafi haft einhverjar áhyggjur af einstaka eða einstökum börnum sökum þess að það/þau vildu ekki tjá sig um atburðinn, áhrif og afleiðingar hans. Hrafnhildur nefndi þó að einhverjir hafi leitað í áfallamiðstöðina.

Hrafnhildur og Stína Pála muna ekki til þess að starfsfólk hafi gert eitthvað í því að skapa leikaðstæður svo börnin geti unnið úr atburðinum í gegnum leikinn. „Það var meira einsog um sjálfsprottinn leik væri að ræða.“ Atburðurinn birtist í leik barnanna, t.d. þegar þau voru að byggja úr kubbum hrundi byggingin skyndilega því það kom jarðskjálfti. Hvað myndmennt og sköpun varðar minnst Hrafnhildur og Stína Pála ekki þess að unnið hafi verið sérstaklega með það vegna atburðarins.

Varðandi leiðbeiningar um áfallaviðbrögð barna, og hvernig best sé að vinna með börnum er lenda fyrir áfalli, segja Hrafnhildur og Stína Pála að starfsfólk leikskólans hafi farið á fund í fjöldahjálparstöðinni með einhverjum frá Rauða krossinum. Þær telja báðar að allir skólar hafi verið kallaðir á fundinn og að hann hafi verið að frumkvæði Rauða krossins. Starfsfólkið leikskólans átti að líta eftir því hvort einkenni áfalls kæmi fram hjá börnunum og hvort eitthvert barn þyrfti frekari aðstoð fagaðila. Ef svipaðar aðstæður kæmu hins vegar upp nú myndu Stína Pála og Hrafnhildur vilja fá einhvern inn á leikskólann til halds og trausts fyrir starfsfólk, börn og foreldra. „Það eina sem við fengum var þegar við fórum á fundinn. Það kom enginn neitt. [...] Af því að maður var sjálfur að eiga við áfallið og þurfa svo að hugsa um 15 – 20 börn líka. Maður á nóg með sjálfan sig hvað þá að taka eftir öðrum líka.“

Að lokum ræddu Stína Pála og Hrafnhildur um það hversu heppileg tímasetningin hafi verið á jarðskjálftunum. „Maður veit náttúrulega ekki hvað hefði gerst ef skjálftarnir hefðu orðið þegar leikskólinn var opinn.“

Samkvæmt samtali höfundar við núverandi leikskólastjóra Heklukots var engin áfallaáætlun til á leikskólanum á þessum tíma en í dag er slík áætlun til (Björg Kvaran, munnleg heimild 10.mars 2008).

Þriðjudaginn 11.mars hitti ég **Kristínu Sveinsdóttur** þáverandi leikskólastjóra Heklukots. Viðtalið fór fram í undirbúningsherbergi starfsfólks á leikskólanum Fálkaborg þar sem Kristín er starfandi núna. Við settumst niður í rólegheitum og fengum að vera alveg ótruflaðar á meðan viðtalinu stóð.

Kristín var í sumarfríi á þeim tíma sem jarðskjálftarnir riðu yfir en kom þó óbeint að starfinu. Hún var stödd í heimahúsi í Landeyjum þann 17. júní þegar henni fannst eins og það kæmi högg á húsið. Þar skemmdist þó ekkert.

Á Heklukoti var ekki til áfallaáætlun en starfsfólkið var nýbúið að fara yfir á starfsmannafundi hvernig það ætti að bregðast við jarðskjálfta. Hvað það myndi gera ef jarðskjálfti kæmi á leikskólatíma, hvert ætti að fara með börnin o.s.frv. Þar sem ekkert skemmdist á leikskólanum og byggingin stóð þetta af sér bendir Kristín á að hún hafi einhvern veginn verið öruggari fyrir vikið. „Ef annar skjálfti kæmi þá vissi maður allavega að húsið myndi þola töluvert.“

Kristín minnst þess ekki að leikskólastarfið hafi farið eitthvað úr skorðum. Nokkuð var um að börn voru í sumarfríi en einnig var mikið verið útivið. „Ég held að við höfum bara valið að vera meira útivið, held það hafi verið meðvitað. Og gott fyrir krakkana að fá útrás útivið og fara í gönguferðir. Það er ákveðin úrvinnsla fólgin í því.“

Kristín man ekki til þess að börnin hafi verið hrædd. En þau ræddu atburðina heilmikið, t.d. í kaffi- og matartímum og unnu svolítið með þá í gegnum leik, t.d. þegar þau voru að byggja og svo kom allt í einu jarðskjálfti og byggingin hrundi. „Leikurinn skiptir svo miklu máli. Úrvinnsla barnanna birtist mjög mikið í þessum byggingaleik sem börnin voru í. Það er eitthvað sem er þeim nærtækast og er þeirra heimur.“

Hvað myndmenntina og sköpun varðar man Kristín ekki til þess að unnið hafi verið sérstaklega með það vegna atburðanna. „En ég sé að það hefði verið ein leiðin sem hefði mátt fara.“

Kristínu fannst hún ekki upplifa það að jarðskjálftarnir skildu eitthvað mikið eftir sig hjá börnunum. Spurningum barnanna var svarað þegar á þurfti að halda og atburðirnir

voru ræddir eftir þörfum en ekki þannig að verið væri að ýta umræðum að börnunum. „Ég held að við höfum bara verið öll eitthvað svo afslöppuð yfir þessu. Þau léku þetta, en ég man ekki eftir að það hafi komið frá okkur að gera eitthvað meira.“

Hvað áfallahjálp varðar segir Kristín að Rauði krossinn hafi kallað saman þá aðila sem vinna með börnum, þ.e. skóla og leikskóla og haldið fund með þeim í fjöldahjálparstöðinni á Hellu. Hún man ekki til þess að einhver hafi viljað fá frekari leiðsögn um áfallavinnnum með börnum – hún heldur reyndar að það hafi ekki verið rætt. En ef starfsfólkið hefði viljað eða þurft frekari aðstoð er Kristín viss um að það hefði verið hægt að fá hana. Að öðru leyti telur Kristín að fólk hafi almennt rætt atburðina mikið sín á milli og þannig getað veitt hvert öðru sálrænan stuðning. „Það voru allir í svipuðum aðstæðum, fólk skyldi hvert annað svo vel.“

Ef svipaðar aðstæður kæmu upp aftur telur Kristín að betra væri að fá einhverja aðstoð inná leikskólann. Ekki hvað síst fyrir starfsfólkið, til að styrkja það ef eitthvað kæmi uppá. „En það væri örugglega mjög fint að fá einhvern inná leikskólann fyrir starfsfólkið, börnin og jafnvel foreldrana.“

Að lokum talar Kristín um að eftir á að hyggja hefði verið gott að hafa ákveðið skipulag um hvernig eigi að bregðast við í aðstæðum sem þessum. Fólkið á svæðinu hafi átt nóg með að hugsa um sjálft sig og því síður getað vitað eftir hverju það átti að líta hjá fólkinu í kringum sig.

Guðbjörg Ísleifsdóttir leikskólakennari hringdi í mig þriðjudagskvöldið 15.apríl en áður hafði ég sent henni nokkrar spurningar í tölvupósti. Guðbjörg var staðgengill leikskólastjóra á Heklukoti þegar hamfarirnar urðu sumarið 2000. Á Þjóðhátíðardaginn var hún stödd í gönguferð ásamt vinum uppá Rangárvöllum þegar skjálftinn reið yfir. „Jörðin gekk í bylgjum og við tengdum skjálftann við Heklu. Við gerðum okkur ekki grein fyrir hvað hefði gerst niðri byggð.“

Guðbjörg talaði um að atburðirnir hefðu lagst nokkuð misjafnlega í starfsfólkið, í sumum hafi verið beygur en öðrum ekki þegar starfsmenn mættu til vinnu. Leikskólastarfið framundan var rætt á fundinum [á vegum RKÍ, innskot höf.] og hvernig hugað skyldi að börnunum. Guðbjörg segir að þessi fundur hafi verið nægilegur fyrir sig

en líklega hafi einhverjir viljað fá meiri upplýsingar eða leiðsögn um áfallavinnu með börnum.

Börnin töluðu mikið um atburðina og lýstu því sem gerst hafði. Mörg ræddu um hávaða og hvin þegar jarðskjálftarnir riðu yfir. Annars virtust börnin ekki tengja jarðskjálftana við leikskólann. Guðbjörg telur að þar sem ekkert skemmdist inná leikskólanum og vegna þess að börnin voru ekki stödd þar þegar skjálftarnir riðu yfir, virðist sem börnin hafi álitnið leikskólann vera frían frá hamförunum. Þess vegna hafi börnin einnig átt auðvelt með að koma á leikskólann. Annars kom það Guðbjörgu á óvart hversu óhrædd börnin hafi verið, hún sjálf hefði haldið að þau væru mun hræddari. Hún nefndi þó dæmi um eitt barn sem grét alltaf ef það myndaðist hávaði í kringum það, [...] „t.d. í söngstundum þá hélt þetta barn fyrir augun og grét. Þetta birtist svona langt fram á vetur.“

Á þessum tíma var veðrið mjög gott og því var mikið verið útivið. Börnin teiknuðu aðeins í sambandi við atburðina en annars léku þau þá mikið. Leikirnir snérust aðallega um það að allt hrundi vegna jarðskjálfta.

Ef svipaðar aðstæður kæmu upp núna þá væri svo sem ekkert sérstakt sem Guðbjörg myndi vilja sjá gert öðruvísi, en þó nefnir hún að það væri örugglega gott að fá einhvern inná leikskólann til að styðja við bakið á starfsfólkinu.

Að lokum bendir Guðbjörg á að hún telji að viðbrögð foreldranna hafi haft mikil áhrif á viðbrögð barnanna. Þannig hafi börnin upplifað hamfarirnar sterkar eftir því sem viðbrögð foreldranna voru sterkari.

7.3 Leikskólinn Örk á Hvolsvelli

Mánudaginn 10.mars hitti ég **Gyðu Óladóttur** þáverandi leikskólastjóra Arkarinnar. Gyða kennir núna við 1.bekk í Hvolsskóla og settumst við niður í skólastofunni eftir kennslu dagsins.

Engar skemmdir urðu á leikskólanum né innanstokksmunum, einungis hrundu nokkrar pappírsarkir í listaskálanum. Gyða talaði um að mörg börn hafi verið komin í sumarfrí á þessum tíma og því hafi frekar fá börn mætt í leikskólann þegar hann opnaði. Hún minnst þess ekki að beygur hafi verið í fólki en þó fannst henni að starfsfólkið hafi

upplifað jarðskjálftana mun sterkar en börnin. Þannig hafi fólkið aðallega haft áhyggjur af sínu fólki.

Gyða nefndi að stór jarðskjálfti hafi verið mikið í samfélagsumræðunni á þessum tíma og því hafi fólk að einhverju leyti verið undirbúið fyrir hann. Þannig hafi foreldrar margir hverjir verið búnir að ræða við börnin sín um að stór jarðskjálfti gæti komið og hvernig ætti að bregðast við honum.

Atburðirnir voru heilmikið ræddir í leikskólanum. Langt fram á vetur ræddu börn og starfsfólk saman í samverustund á morgnana um það hvernig þeim liði í dag, hvað þeim hafi dreymt um nóttina o.s.frv. „Ræddum talsvert hvernig okkur liði hverju sinni og mikið rætt hver reynsla hvers og eins var.“

Gyða sagðist hafa notast mikið við listsköpun við að hjálpa börnunum við að tjá sig um hamfarirnar. Hins vegar kom lítið sem ekkert fram í leik barnanna í sambandi við skjálftana. „Eftir á að hyggja var ótrúlegt hvernig atburðirnir gengu hratt yfir, einhvern veginn skyldi þetta ekki mikið eftir sig.“ Þá nefnir Gyða að í minningunni finnist henni sem snjóflóðin á Vestfjörðum árið 1995 hafi haft mun meiri áhrif á leikskólastarfið en skjálftarnir sumarið 2000. Hún man sérstaklega eftir því að börnin hafi verið nokkuð upptekin af þeim atburðum þó svo þeir hefðu átt sér stað í allt öðrum landshluta.

Gyða fór á fund í fjöldahjálparstöðina á Hellu sem haldinn var á vegum Rauða krossins en þar var rætt m.a. um áfallaviðbrögð barna. Hún telur að þær upplýsingar sem komu fram þar hafi verið nægilegar, allavega man hún ekki til þess að annað væri rætt. Þó nefnir Gyða að það hefði örugglega verið gott að fá einhvern inná leikskólann til að styðja við starfsfólkið. „Einnig ef foreldrar hefðu viljað tala við einhvern, spyrja spurninga eða leita ráða, þá væri viðkomandi nær þeim en ef það þyrfti að leita annað t.d. á heilsugæslustöðina.“

Samkvæmt samtali höfundar við deildarstjóra á Örk var engin áfallaáætlun til á leikskólanum þegar skjálftarnir riðu yfir en núna er slík áætlun nánast tilbúin, einungis eftir að kynna hana fyrir starfsfólki (Svava Björk Helgadóttir, munnleg heimild 19.apríl 2008).

8. Umræða

Sumarið var óvenju gott og veðurfar með besta móti á þessum tíma og var mikið verið útivið og má velta því fyrir sér hvort starfsfólkið hefði verið meira innivið ef skjálftarnir hefðu ekki orðið. Þá veltir maður því fyrir sér hvernig aðstæður hefðu orðið ef rigningar- og kuldatíð hefði verið eða ef jarðskjálftarnir hefðu riðið yfir um vetrartíma.

Suðurlandsskjálftarnir höfðu ekki mikil áhrif á störf leikskólanna tveggja. Þar sem skjálftarnir riðu yfir á sumartíma voru mörg börn í sumarfrí en einnig var leikskólustarfið orðið léttara og ekki í eins föstum skorðum og yfir vetrartímamann. Það kann að hafa haft áhrif á það að sérstakar leikaðstæður voru ekki búnar til af starfsfólki í kjölfar skjáftana. Börnin léku hins vegar atburðina í sjálfsprottnum leik á Heklukoti og kemur það heim og saman við rannsóknir fræðimanna um viðbrögð barna við áföllum (Guðrún Alda Harðardóttir 1999). Atburðirnir voru hins vegar lítt sýnilegir í leik barnanna á Örk og er ástæða þess líklega sú að afleiðingar skjálftanna voru mun minni þar en á Hellu og eins vegna þess að talsvert var unnið með myndmennt og sköpun á Örk og fannst Gyðu sem börnunum þætti gott að fá útrás fyrir tilfinningar sínar á þann hátt. Á Heklukoti var ekki unnið eins markvisst með myndmennt og sköpun en börnin unnu með þessa þætti eftir því sem það bauðst. Ef til vill höfðu börnin á Heklukoti minni þörf á því að tjá sig með þessum hætti þar sem þau virðast hafa fengið útrás í gegnum leikinn. Að sama skapi má einnig velta því fyrir sér hvort börnin á Örk hafi ekki tekið atburðina eins mikið í leikinn og raun bar vitni þar sem þau tjáðu sig mikið í gegnum myndmennt og sköpun. Börnin hafi í raun fengið nægilega útrás fyrir tjáningarþörf sína með annari aðferðinni.

Enginn viðmælenda minna minnst þess að börn hafi sýnt breytta hegðun eða að starfsfólk hefði sérstakar áhyggjur af börnunum og virtist þeim sem börnin hefðu komist mjög vel frá þessum atburðum. Reyndar nefnir Guðbjörg dæmi um eitt barn sem var lengi vel hrætt við hávaða og tók þá fyrir eyrun og grét en kvíði og hræðsla eru algeng einkenni áfalla hjá börnum (Rauði kross Íslands 2004).

Á báðum leikskólunum sköpuðust miklar umræður um atburðina. Á Heklukoti voru atburðirnir ræddir eftir því sem það þurfti og fengu allir að segja frá reynslu sinni og upplifun. Umræðunni var ekki stjórnað sérstaklega af starfsfólkinu heldur spratt hún upp við allar mögulegar aðstæður. Á Örk voru einnig miklar umræður sem bæði fóru fram í skipulögðum umræðum en einnig eftir því sem atburðirnir leituðu á huga barnanna. Í

samverustundum á morgnana ræddu börnin og starfsfólkið um það hvernig þeim liði en einnig hvað þeim hafði dreymt um nóttina. Með þessum umræðum hefur starfsfólk beggja leikskólanna sinnt þörf barnanna til að ræða um atburðina og segja frá því hvaða áhrif þeir höfðu á þau. Ekki er ósennilegt að starfsfólkið hafi haft gagn af þessum umræðum líka og þannig hafi umræður leikskólasamfélagsins stuðlað að ákveðnum sálrænum stuðningi fyrir bæði börn og fullorðna.

Guðbjörg talaði um að sér hafi fundist sem áhrif atburðanna á foreldrana hafi haft áhrif á börnin. Eftir því sem viðbrögð foreldranna voru sterkari því meiri viðbrögð sáust hjá börnunum. Börn leggja traust sitt á foreldra og fullorðna og ef þau sjá að þessir aðilar verða óttaslegnir eða óöryggir við framandi aðstæður verða börnin fyrir áhrifum af því.

Þegar skoðaðar eru niðurstöður viðtalanna kemur fram að fólk hafi verið ótrúlega rólegt með að koma með börnin sín í leikskólana. Kristín bendir á að það hafi veitt sér öryggiskennd að leikskólabyggingin hafi staðið hamfarirnar af sér og er líklegt að foreldrar hafi upplifað það sama. Guðbjörg talaði einnig um að börnin hafi ekki tengt hamfarirnar við leikskólann þar sem þau voru ekki þar þegar skjálftarnir riðu yfir og ekkert skemmdist. Hins vegar mætti þá velta fyrir sér hvort börnin hafi ekki verið smeyk við að fara inni íþróttahús og félagsheimili þar sem þau voru mörg hver stödd þar þegar fyrri skjálftinn reið yfir en það kom ekki fram hjá viðmælendum hvort svo var.

Á hvorugum leikskólunum var til áfallaáætlun sumarið 2000 og nefnir Kristín að gott hefði verið að hafa ákveðið skipulag um það hvernig ætti að bera sig að í kjölfar slíkra atburða. Nú er hins vegar ánægjulegt að segja frá því að á báðum leikskólunum er búið að útbúa áfallaáætlun og þeir því betur undirbúnir að takast á við áfallavinnu í þeim kringumstæðum sem upp kunna að koma.

Það er athyglisvert að allir viðmælendur mínir töluðu um að æskilegt hefði verið að fá einhvern aðila inná leikskólann. Starfsfólk leikskólanna benti á að sumir hverjir úr starfshópnum hefðu verið í nokkurs konar áfalli sjálfir og því átt erfiðara með að líta eftir áfallaeinkennum hjá börnunum. Elín Jónasdóttir sálfræðingur talar einnig um það að hún myndi í svipuðum aðstæðum nú vilja koma meira inná leikskólana til leiðsagnar og aðstoðar. Eftir snjóflóðið á Flateyri haustið 1995, þar sem létust bæði börn og fullorðnir, voru utanaðkomandi aðilar fengnir vestur til að endurreisa leikskólustarfið (Guðrún Alda Harðardóttir 1999). Slík innkoma fagaðila hefði verið óþörf eftir Suðurlandsskjálftana þar

sem afleiðingar þeirra voru ekki sambærilegar við þær hamfarir sem urðu á Vestfjörðum. Hins vegar virðist vera þörf á utanaðkomandi aðstoð inná leikskólana þegar slíkir atburðir verða er hafa áhrif á allt samfélagið. Samkvæmt Dyregrov (1998) er árangur áfallavinnu með börnum ekki vænlegur ef hinn fullorðni er einnig að takast á við afleiðingar áfalls.

Helstu niðurstöður mínar eru þær að Suðurlandsskjálftarnir sumarið 2000 hafi ekki haft mikil áhrif á leikskólastarf leikskólanna tveggja. Atburðirnir höfðu vissulega áhrif á börn og fullorðna en ekki þannig að leikskólastarfið hafi litast af því nema að takmörkuðu leiti. Haldinn var fundur með starfsfólki skólanna á svæðinu þar sem farið var yfir helstu áfallaeinkenni barna og hvernig hægt væri að vinna með þeim í slíkum aðstæðum og kann það að hafa gert starfsfólkið hæfara til að styðja við börnin og því hafi ekki verið þörf á frekari áfallavinnu.

9. Lokaorð

Í ljósi þess að samfélagsleg áhrif Suðurlandsskjálftanna urðu talsverð og margir leituðu eftir áfallahjálpi finnst mér svolítið sérstakt að skjálftarnir virtust ekki hafa eins mikil áhrif á leikskólabörn og ég hafði gert ráð fyrir. Reyndar byggðist mín rannsókn einungis á því hvernig starfsfólkið upplifði viðbrögð barnanna og líðan inná leikskólunum fyrstu dagana eftir atburðina og hvernig leikskólastarfinu var háttað í kjölfarið. Til þess að skoða betur hvaða langtímaáhrif slíkar hamfarir hafa á ung börn þarf rannsóknin að snúa beint að börnunum. Þannig væri hægt að taka viðtöl við börn sem voru á leikskólaaldri þegar slíkar hamfarir verða og heyra hvernig þau upplifðu þær, hvort það sé eitthvað sem situr í þeim, hverju muna þau eftir o.s.frv.

Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að ung börn upplifa áföll jafnt sem fullorðnir þó svo áfallið birtist með öðrum hætti en hjá hinum fullorðnu. Við vitum oft ekki hvað býr í huga þessara barna og þurfum að vera vakandi fyrir þeim einkennum sem þau sýna í kjölfar áfalls. Sumir vilja meina að ef barn sýnir ekki einhver áfallaviðbrögð þurfi að aðstoða það til að kalla þau fram til að hægt sé að hjálpa barninu að vinna úr áfallinu. Áfallaeinkennin einfaldlega vantar og það kann ekki góðri lukku að stýra ef koma á í veg fyrir t.d. áfallastreituviðbrögð seinna meir á lífsleiðinni.

Það er mikilvægt að áfallavinna með börnum hefjist strax eftir áfallið svo atburðurinn nái ekki að hreiðra um sig í hugarfylgsnum þeirra. Þess vegna skiptir miklu máli að starfsfólk leikskóla sé meðvitað um gildi áfallahjálpar og hvaða leiðir hægt er að fara í áfallavinnu með leikskólabörnum.

Þegar slíkar náttúruhamfarir verða eins og snjóflóð og stórir jarðskjálftar er mikilvægt að almannavarnanefndir og allir hjálparaðilar sinni leikskólasamfélaginu rétt eins og grunnskólasamfélaginu þar sem í leikskólum landsins starfar fjöldinn allur af börnum og fullorðnum, allan ársins hring.

10. Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Almannavarnir ríkisins. Án árs. *Áhrif áfalla á börn*.

http://www.almannavarnir.is/default.asp?cat_id=86 [Sótt 25.febrúar 2008]

Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal. 1995. *Barnasálfræði*. Mál og menning, Reykjavík.

Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir. 2002. *Suðurlandsskjálftar árið 2000*. Útg. Almannavarnir ríkisins, Reykjavík.

Björg Kvaran. 2008. Samtal höfundar við leikskólastjóra Heklukots um áfallaáætlun.

Bragi Skúlason. 1992. *VON. Bók um viðbrögð við missi*. Hörpuútgáfan, Akranesi.

Dyregrov, Atle. 1998. *Børn og traumer*. Hans Reitzels Forlag A/S, København.

Elín Jónasdóttir. 2000. *Biðröð eftir áfallahjálp*. Fréttablaðið Hjálp, 3.tbl. 7.árg.

Ritstj. Þórir Guðmundsson. Útg. Rauði Kross Íslands, Reykjavík.

Elín Jónasdóttir. 2008. Viðtal höfundar við Elínu Sveinsdóttur um áfallahjálp í kjölfar Suðurlandsskjálftana árið 2000.

Guðbjörg Ísleifsdóttir. 2008. Viðtal höfundar við Guðbjörgu Ísleifsdóttur um leikskólastarf á Heklukoti á Hellu í kjölfar Suðurlandsskjálftanna árið 2000.

Guðrún Alda Harðardóttir. 1999. *Áfallahjálp í leikskóla*. Glæður, 1.tbl. 9.árg. tímarit Félags íslenskra sérkennara, Reykjavík.

Guðrún Alda Harðardóttir. 2001. *Undirstaða leikskólakennara í áfallahjálpi fyrir börn*. Athöfn, 1.tbl, 33.árg. tímarit Félags íslenskra leikskólakennara, Reykjavík.

Guðrún Alda Harðardóttir. 2001. *Í leikskóla lífsins*. Textasmiðjan, Akureyri.

Gyða Óladóttir. 2008. Viðtal höfundar við Gyðu Óladóttur um leikskólastarf á Örk í kjölfar Suðurlandsskjálftana árið 2000.

Helga Hannesdóttir. 1992. *Sorg barna*. Uppeldi 4.tbl., 5.árg.

Helga Jónsdóttir. 2003. *Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð*. Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum, 1.útgáfa. Ritstjórar: Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson. Útg.: Háskólinn á Akureyri.

Hrafnhildur Andrésdóttir. 2008. Viðtal höfundar við Hrafnhildi Andrésdóttur um leikskólastarf á Heklukoti á Hellu í kjölfar Suðurlandsskjálftana árið 2000.

Jón Börkur Ákason, Stefán Ólafsson og Ragnar Sigbjörnsson. 2005. „Þá varð landskjápti mikill“. *Samfélagsleg áhrif Suðurlandsskjálftanna í júní árið 2000*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Kirk, Uffe. 1997. *Sálræn skyndihjálpi og mannlegur stuðningur*. Álfheiður Kjartansdóttir íslenskaði. Útg. Rauði kross Íslands, Reykjavík.

Kristín Pála Sigurðardóttir. 2008. Viðtal höfundar við Kristínu Pálu um leikskólastarf á Heklukoti á Hellu í kjölfar Suðurlandsskjálftana árið 2000.

Kristín Sveinsdóttir. 2008. Viðtal höfundar við Kristínu Sveinsdóttur um leikskólastarf á Heklukoti á Hellu í kjölfar Suðurlandsskjálftana árið 2000.

Margrét Ólafsdóttir. 1995. *Áföll í skóla*. Glæður, 2.tbl. 5.árg. tímarit Félags íslenskra sérkennara, Reykjavík.

McMillan, J.H. 2004. *Educational Research - Fundamentals for the consumer*.
Fourth Edition, Pearson Education, Inc.

Ólöf Helga Þór. 1992. *Sorgin í skólanum*. Ný Dögun, 1.tbl. 2.árg.

Páll Einarson. 2001. *Suðurlandsskjálftar 2000, orsakir og atburðarás*. Goðasteinn 2001.
Ritstj. Jón Þórðarson. Útg. Héraðsnefnd Rangæinga.

Rauði kross Íslands. 2003. *Handbók um neyðarvarnir. Fjöldahjálp og félagslegt hjálparstarf*. Útg. Rauði kross Íslands, Reykjavík.

Rauði kross Íslands. 2004. *Áföll – sálrænn stuðningur*.
www.redcross.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/wa/dp?detail=63725&name=lucene_news_item [Sótt 25.02.08]

Rauði kross Íslands. Án árs. *Útskýringar á hugtökum*.
www.redcross.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/wa/dp?id=1002017 [Sótt 25.02.08]

Svava Björk Helgadóttir. 2008. Samtal höfundar við deildarstjóra á Örk um áfallaáætlun.

Þóra Þórarinsdóttir. 2001. *Suðurlandsskjálftar 2000. Áhrif og afleiðingar*. Goðasteinn
2001. Ritstj. Jón Þórðarson. Útg. Héraðsnefnd Rangæinga.

11. Fylgiskjöl

Viðtalsrammi

1. Upplifðir þú sjálf jarðskjálftana ? Varstu stödd á Suðurlandi ?
2. Leitaðir þú í fjöldahjálparmiðstöðina á Hellu ? En eitthvað annað ?
3. Varstu við störf á leikskólanum á þessum tíma eða í fríi ?
4. Hvernig fannst þér andrúmsloftið á leikskólanum ? Var beygur í fólki ?
5. Var starfsfólkið búið að undirbúa sig fyrir komu barnanna ? T.d. ákveða hvernig skyldi taka á móti börnunum, haga starfinu o.fl. ? Var til áfallaáætlun eða einhvers konar skipulag um áfallavinnu ? Ef já, hvernig kom það að gagni ?
6. Hvernig var starfinu háttað þessa daga ? Höfðu atburðirnir mikil áhrif á daglegt starf ?
7. Fékk starfsfólkið einhverja ráðgjöf um áfallavinnu með börnum ? Hvaðan kom frumkvæði að slíkri ráðgjöf ?
8. Hvernig fannst þér þessi ráðgjöf ? Var hún nægjanleg eða hefðir þú viljað fá frekari leiðsögn ? Hefði leikskólinn átt að fá frekari aðstoð til að styðja við bakið á starfsfólkinu?
9. Höfðu leikskólarnir á svæðinu einhvert samstarf sín á milli ? Ráðfærðu þeir sig um áfallvinnu hjá hver öðrum ?
10. Var aðstoðin nægilega sýnileg eða þurfti að leita eftir henni ? Hefði verið betra að fá sérfræðing t.d. inná leikskólann ? t.d. til að styrkja við bakið á starfsfólkinu en einnig fyrir foreldrana og börnin.
11. Hvað finnst þér vera mikilvægt að hafa í huga þegar unnið er með barni í áfalli ? Hvað felst í áfallahjálpi að þínu mati ?
12. Er til áfallaáætlun núna ? Finnst þér öryggi í því að hún sé til ?
13. Voru einhver börn á leikskólanum sem misstu heimili sín eða heimili þeirra varð fyrir skemmdum ? Hvernig upplifðu börnin það ?
14. Mættu mörg börn á þessum tíma ?
15. Fannst foreldrunum erfitt með að koma með börnin og skilja þau eftir ? Var óöryggi í foreldrunum ?
16. Tjáðu foreldrar sig við ykkur, ræddu líðan eða upplifun sína á atburðinum ?

17. Vildu börnin tjá sig um atburðinn ? Var atburðurinn ræddur t.d. í samverustundum eða við önnur tækifæri ?
18. Fannst þér börnin vera hrædd, óörugg eða vör um sig ? Áhyggjufull eða með sektarkennd ?
19. Varðstu vör við einhverja breytta hegðun, s.s. grátur, barnið sótti í nærveru fullorðinna, reiði, barnið óvenju uppstökkt eða pirrað ? Barnið sýnir lítið traust til fullorðinna. Eitthvað afturhvarf í þroska, barn fer að væta buxur ? Hræddust börnin skyndilegan hávaða, voru þau hvumpin ?
20. Áttu börnin auðvelt með að koma eða fannst þeim erfitt að kveðja foreldrana ?
21. Vildu börnin dvelja lengur á leikskólanum og síður fara heim ?
22. Hvernig lýstu börnin atburðinum ? Vildu börnin frekar vera útivið en inni ?
23. Höfðuð þið áhyggjur af einhverju barni sem t.d. vildi ekki tjá sig um atburðinn ?
24. Var myndmenntin notuð sérstaklega við áfallavinnsluna ? Hvernig þá ?
25. Var leikurinn notaður sérstaklega við áfallavinnsluna ? Hvernig þá ?
26. Ef sömu aðstæður kæmu upp núna, væri eitthvað sem þú myndir vilja gera öðruvísi ?
Var eitthvað sem hefði mátt betur fara ?